

Ed.

1106. Frumvarp til laga

[423. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. apríl.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað er telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd sem dæma skal um hvort veitingastaður telst vera fyrsta flokks. Skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Við þá ákvörðun verði höfð hliðsjón af tilgangi laga þessara. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og framlengist fyrra leyfi þá meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði en hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal sótt um nýtt leyfi en fyrra leyfi gildir áfram meðan umsókn er til meðferðar. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því. Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir hvert leyfi til áfengisveitinga sem lögreglustjóri innheimtir og rennur það í ríkissjóð.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki á hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem sveitarstjórn telur nauðsynleg; m.a. er heimilt að binda leyfi við ákveðinn afgreiðslutíma, að það nái einungis til veitinga léttra vína eða til ákveðins hóps manna, t.d. dvalar- eða matargesta. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða fullnægir þeim ekki lengur skal hann þegar missa leyfi sitt. Ef svo stendur á getur lögreglustjóri felld leyfi niður um stundarsakir. Veitingamaður getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra en það frestar ekki framkvæmd ákvörðunarinnar.

Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna eftirlitsins eftir reglum sem ráðherra setur, m.a. með hliðsjón af stærð veitingastaða og opnunartíma.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leitað umsagnir áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1986.